

✉ Re: Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun - beiðni um umsögn

Búið til	15.12.2020 14:18:43
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	15.12.2020 14:18:42
Tilheyrir	📁 202011-0046 - Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun - beiðni um umsögn

Efni

Re: Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	15.12.2020 14:18:42	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	Egill@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202011-0046 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 20. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar (41) Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að hún geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Stofnunin gerir ekki athugasemd við þá umhverfisþætti sem verða skoðaðir né þá valkosti sem eru til staðar en útfærsla þeirra mun koma betur í ljós í frummatsskýrslu. Helstu áhættuþættir hvað snertir áhrif á náttúruvar, fyrir utan það svæði sem fer undir veg, er Straumsvík og tjarnir vestan álversins. Til upplýsingar eru hér meðfylgjandi ábendingar Náttúrufræðistofnunar til Vegagerðarinnar við drög að þessari matsáætlun og ábendingar til Hafnarfjarðarbæjar vegna vinnslu við skipulag á svæðinu.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Egill Þórarinnsson" <Egill@skipulag.is>
To: "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "hhk@heilbrigdiseftirlit.is" <hhk@heilbrigdiseftirlit.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Skrifstofa Vogar" <skrifstofa@vogar.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "hes@hes.is" <hes@hes.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Reykjanesbraut, Krýsuvíkurvegur-Hvassahraun - beiðni um umsögn
Date: 20.11.2020 15:35:50

Góðan dag

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttekin 17. nóvember 2020, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun hefur póstlagt umsagnarbeiðni og útprentaða tillögu að matsáætlun (nema slíkt hafi verið afþakkað).

Meðfylgjandi er tillaga Vegagerðarinnar á rafrænu formi.

Óskað er eftir umsögn um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort gerðar séu athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 10. desember 2020 og einnig á tölvupóstfang: egill@skipulag.is og skipulag@skipulag.is.

Með kveðju,

Egill Þórarinnsson - SLS

Sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland
sími 595 4100

Egill.Thorarinsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

breikkun_reykjanesbrautar_-_drog_ad_tillogu_ad_matsaaetlun.pdf (2 MB)

adalskipulagsbreytingar_a_reykjanesbraut_-_lysing.pdf (205 KB)